

GREINARGERÐ

Lýðs Guðmundssonar í hæstaréttarmálinu nr. 450/2013:

**Ákærvaldið
gegn
Lýði Guðmundssyni og
Bjarnfreði Ólafssyni**

Undirritaður Gestur Jónsson, hrl., Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, flytur mál þetta sem skipaður verjandi ákærða Lýðs Guðmundssonar.

Kröfur:

Ákærði Lýður krefst sýknu.

Til vara krefst ákærði þess að honum verði ekki gerð refsing þótt hann yrði ekki sýknaður af báðum ákæruliðum.

Til þrautavara krefst ákærði þess, verði honum gerð refsing, að hún verði skilorðsbundin.

Í öllum tilvikum krefst ákærði þess að allur sakarkostnaður, þ. á m. málsvarnarlaun verjanda verði lögð á ríkissjóð.

Málsatvik:

Vísað er til umfjöllunar um málsatvik í greinargerð ákærða til héraðsdóms á bls. 1240 til 1247 í málsgögnum.

Í fyrri ákæruliðnum er Lýði gefið að sök að hafa *sem stjórnarmaður BBR ehf brotið vísvitandi gegn 16. gr. hlutafélagalaga með því að greiða minna en nafnverð fyrir hluti í Exista.*

Undirstrikað skal að ákæruefnið er einungis þetta. Ekki er ákært út af því sem rannsókn embættis sérstaks saksóknara laut að, þ.e. hvort með hækkun hlutafjár Exista, sem samþykkt var á stjórnarfundum félagsins 4. desember 2008, hafi verið brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga.

Við lögreglurannsóknina hafði Lýður Guðmundsson stöðu sakbornings. Hann var yfirheyrður tvisvar. Í fyrri skiptið 27. janúar 2010 (málsgögn bls. 868-891). Honum var þá kynnt sakarefni svo að hann væri grunaður um brot gegn 153. og 154. gr. hlutafélaga með því að hafa ásamt öðrum hlutast til um ranga tilkynningu til yfirvalda um hlutafjárhækkun Exista (bls. 868). Í síðara skiptið, 19. júní 2012 (bls. 892-910), var

sakarefnið kynnt svo að hækkun hlutafjár Exista væri til rannsóknar og beindist athugun að því hvort brotið hefði verið gegn 16. gr. hfl. með hækkuninni (bls. 892).

Við rannsóknina voru Lýði aldrei kynntar sakargiftir um að hann kynni að hafa gerst brotlegur við lög sem fyrirsvarsmaður BBR ehf með því að greiða minna en nafnverð fyrir hlutina í Exista. Í yfirheyrslunum var hann aldrei spurður um þetta ákæruefni.

Í málsgögnum sést að rannsókn sérstaks saksóknara laut að ætluðu ólögmati hlutafjárhækkunarinnar í Exista hf og ráðstöfun stjórnar þess félags á hækkunarhlutunum. Aldrei var til rannsóknar ætlað brot um að forsvarsmaður þriðja aðila, BBR ehf, hefði gerst brotlegur við lög með því að kaupa hluti í Exista hf á röngu verði. Álitaefnið var hvort ákvörðun stjórnar félagsins um útgáfu 50.000.000.000 nýrra hluta, sem stjórnin samþykkti svo að selja til BBR ehf í skiptum fyrir 1.000.000.000 hluta í félaginu Kvakki ehf, sem metnir höfðu verið a.m.k. jafnverðmætir og nýju hlutirnir í Exista, væri samrýmanleg ákvæði 16. gr. hlutafélagalaganna um að greiðsla hlutar meggi ekki nema minna en nafnverði hans. Í skýrslutökum var spurt um aðdraganda hlutafjárhækkunarinnar, ástæður fyrir henni, sérfræðiskýrslu um verðmæti hlutanna frá Deloitte, tilkynningu til fyrirtækjaskrár sem Logos sendi að fyrirmælum stjórnar Exista og það sem gerðist á stjórnarfundinum 4. desember 2008. Rannsóknin stóð í rúm þrjú ár. Skýrslur voru teknar af 15 vitnum og 8 sakborningum. Framlögð gögn sýna að öll rannsóknin snerist um framangreind atriði, þ.e. lögmati hlutafjárhækkunarinnar, tilkynninguna til fyrirtækjaskrár og síðan ráðstöfun hækkunarhlutanna af hálfu Exista. Aldrei var rannsakaður sá verknaður sem lýst er í ákærulið 1, þ.e. að stjórnarmaður BBR ehf hafi verið hinn brotlegi í málinu með því að inna af hendi það endurgjald fyrir hækkunarhlutina í Exista sem áskilið var í ákvörðun stjórnar þess félags. Í sjálfu ákæruskjalinu er það meira að segja svo að röksemdirnar, sem málsóknin er sögð byggjast á (bls. 2), fela í sér lýsingu á atvikum sem varða félagið Exista. Hvergi er vikið að því að stjórnarmaður BBR, ákærði Lýður Guðmundsson hafi vísvitandi brotið gegn 16. gr. hfl. með því að greiða of lágt verð. Ákærandinn virðist telja rannsóknina hafa leitt í ljós að hlutafjárhækkun Exista hafi farið fram andstætt lögum. Samt er enginn ákærður fyrir þær sakir. Enginn er ákærður sem tók ákvörðun um hlutafjárhækkunina og ráðstöfun hlutafjárins. Lýsingin í ákærunni snýst um meint brot þeirra sem seldu hlutaféð. Hins vegar er það forsvarsmaður kaupandans sem er ákærður og það fyrir verknað sem ekki var rannsakaður.

Um gildissvið laga nr. 2/1995:

Með lögum nr. 2/1995 eru festar reglur sem binda þá sem stjórna eða koma fram fyrir hönd hlutafélags. Háttsemi stjórnanda hlutafélags, andstæð lagareglunum, getur varðað hann refsingu samkvæmt ákvæðum laganna. Ákærði byggir á því að ákvæði 68. gr. hfl. gegni því hlutverki að kveða á um, *hver* sé refsíabyrgur vegna brota á lögum. Refsíákvæði laganna taka ekki til athafna viðsemjanda hlutafélags nema þá að því leyti sem slík háttsemi kynni að teljast hlutdeild í athöfn þess sem fram kemur fyrir hlutafélagið. Þessi niðurstaða kemur skýrt fram í dómi Hæstaréttar frá 5. júní 2008, í máli nr. 385/2007 þar sem segir:

Í fjölmörgum ákvæðum laga nr. 2/1995 er mælt fyrir um heimildir og skyldur

hlutafélaga og bann við gerðum þeirra án þess að tekið sé sérstaklega fram að reglurnar varði menn í tiltekinni stöðu hjá félagi. Þetta á meðal annars við um ýmis önnur ákvæði en 104. gr. laganna, sem vísað er til í 2. tölulið 153. gr. þeirra. Augljóst er að þau ákvæði laganna fela í sér fyrmæli um heimild eða skyldu þeirra manna, sem eru bærir til að ráðstafa hagsmunum hlutafélags, til nánar tiltekinna aðgerða og bann við því að þeir grípi til annarra tilgreindra aðgerða, enda gerir hlutafélag ekkert slíkt án atbeina einhvers manns. Getur að þessu virtu enginn skynsamlegur vafi leikið á um að ákvæði 1. og 2. mgr. 104. gr. laga nr. 2/1995 hafi að geyma reglur um bann við þargreindri háttsemi starfsmanns hlutafélags að viðlagðri refsingu á hendur honum samkvæmt 2. tölulið 153. gr. laganna. [áhersla undirritaðs]

Þann verknað sem Lýður er ákærður fyrir í fyrri tölulið ákærunnar vann hann ekki f.h. Exista hf heldur sem forsvarsmáður BBR ehf eins og réttilega er lýst í ákærunni. Af hálfu Exista hf komu forstjórar félagsins fram við sammingsgerðina samkvæmt sérstakri samþykkt og umboði stjórnar félagsins. Hafi eitthvað verið aðhafst sem var refsivert vegna ákvæða hlutafélagalaganna við sölu hlutafjárins í Exista hf bera þeir sem fram komu fyrir Exista hf ábyrgð á þeim verknaði en ekki sá sem fram kom f.h. viðsemjandans. Þegar af þessari ástæðu er útilokað að ákærði hafi unnið til refsingar með þeirri háttsemi sem lýst er í fyrri ákæruliðnum.

Á bls. 1375 til 1391 eru gögn sem verjandi aflaði frá Danmörku, Noregi og Svíþjóð um gildissvið refsíákvæða laga um hlutafélög í viðkomandi löndum.

Í **Danmörku** er í 13. gr. hlutafélagalaganna frá 2006 ákvæði sambærilegt 16. gr. íslensku laganna. Könnun á dómaframkvæmd í Danmörku leiðir í ljós að einungis þeir sem koma fram fyrir hlutafélagið, sem gefur út nýtt hlutafé, hafa verið taldir brotlegir við 13. greinina. Í fræðiskrifum er ekki að finna neinar hugmyndir um að viðsemjandi hlutafélags gæti þurft að sæta refsingu fyrir brot á 13. gr. dönsku hlutafélagalaganna (bls. 1377).

Í **Noregi** er í gildi ákvæði sem er efnislega sambærilegt 1. mgr. 16. gr. íslensku hlutafélagalaganna, þ.e. gr. 2-12 í norsku lögunum. Ekki er hægt að refsa þriðja manni, þ.e. aðila sem ekki hefur umboð frá hlutafélaginu sem gaf út nýtt hlutafé, fyrir brot gegn þessu ákvæði laganna, sjá gr. 19-1 í lögunum (bls. 1384-1385).

Í **Svíþjóð** innihalda félagalögin ákvæði sem er efnislega sambærilegt 1. mgr. 16. gr. íslensku hlutafélagalaganna, þ.e. gr. 19 (1) í 13. kafla laganna. Ekki er heimilt að refsa þriðja aðila (kaupanda) vegna brots gegn ákvæðinu (bls. 1390-1391).

Fullt samræmi er því í túlkun Hæstaréttar í dómnum frá 5. júní 2008 og efni eða túlkun samsvarandi lagareglu í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Ákæruliður I.

Vísað er til greinargerðar ákærða Lýðs til héraðsdóms sem er á bls. 1247-1253.

Í greinargerð ákærandans til Hæstaréttar er þeim orðum einum eytt í þennan hluta ákærunnar að vísað er til forsendna héraðsdóms um sakfellingu. Að öðru leyti er ekkert fjallað um fyrri ákæruliðinn í greinargerð ríkissaksóknara.

Í forsendum héraðsdómsins er sagt (bls. 18):

...Honum hlaut því að vera ljóst að samkvæmt 1. mgr. 16. gr. laga um hlutafélög má greiðsla hlutar ekki nema minna en nafnverði hans. Með því að greiða þannig nefnda fjárhæð fyrir hlutina í Exista hf. braut ákærði gegn þessu ákvæði, enda var honum óheimilt, sem stjórnarmanni í BBR ehf., að greiða minna en nafnverð fyrir þá....

Ákærði þvertekur fyrir að honum hafi verið þetta ljóst. Það hvarflaði ekki einu sinni að honum að greiðsla fyrir hlutafé í Exista á verði sem áskilið var af stjórn félagsins gæti verið brot á lögum. Hann leit svo á að samningurinn frá 8. desember 2008 (bls. 435-437 og 438-440) fæli í sér afhendingu verðmæta frá BBR til Exista sem væru a.m.k. jafn mikils virði og hlutirnir sem Exista afhenti á móti. Samningurinn er um skipti á verðmætum. Viðsemjendurnir voru forstjórar Exista, f.h. félagsins, og skjalagerðin var unnin af sérfræðingum sem störfuðu fyrir Exista.

Í forsendum dómsins getur dómari þess að annar forstjóri Exista hafi fyrir dómi sagst hafa átt hugmyndina að því hvernig greitt var fyrir aukningarhlutina (bls. 15). Ásmundur Tryggvason, lögmaður, sem var yfirmaður lögfræðisviðs Exista, bar fyrir dómi að talið hefði verið að skipti á nýútgefnum hlutum og hlutum í öðru félagi væru „tæk“ þótt skiptigengið yrði undir einum (bls. 116). Fráleitt er því að halda því fram að samningsgerðin hafi af hálfu ákærða Lýðs falið í sér vísvitandi brot af hans hálfu gegn ákvæðum hlutafélagalaga.

Önnur gögn málsins hníga í sömu átt. Á bls. 1262-1264 er samantekt opinberra tilkynninga og fréttu um verð hinna nýju hluta í Exista í viðskiptunum við BBR. Þar sést að strax sama dag og kaupin voru gerð, þann 8. desember 2008, birtust tilkynningar í Kauphöllinni, Viðskiptablaðinu, Morgunblaðinu, Vísi, AMX og víðar um viðskiptin þar sem skýrt kom fram að Exista fékk verðmæti í sinn hlut sem svöruðu til tveggja ára fyrir hverja krónu nafnverðs þeirra hluta sem skiptu um hendur. Sama kom fram í tilkynningunni til hlutafélagskrár sem ákært er fyrir í síðari lið ákærunnar. Blaðaviðtöl voru birt við Lýð og bróður hans Ágúst um kaup BBR á Existahlutunum þar sem upplýsingar um verð komu fram (bls. 1271). Við ákvörðun stimpilgjalds af nýútgefnum hlutum Exista reiknaði Sýslumaðurinn í Reykjavík 0,5% stimpilgjald sem 5 milljónir króna sem svarar til þess að stofn hlutabréfanna hafi verið reiknaður sem 1 milljarður króna (Nýtt skjal F).

Fyrir dómi bar Andri Gunnarsson, lögmaður, sem starfaði hjá Deloitte að undirbúningi hlutafjárhækkunar Exista, m.a. á þessa leið (bls. 105):

...Þetta með að staðfesta verðmætið - maður leit svolítið á það þannig - Logos inn í málinu. Auðvitað gæti það verið að þeir myndu finna einhverja túlkun þar sem þetta væri fullnægjandi. Ef maður horfir á löggjöf annarra ríkja, þegar maður er sérstaklega umhugað um félagarétt þá sér maður að þetta er ekki óvanalegt að það sé hægt að hækka með þessum hætti. Maður setti þetta svolítið í hendurnar á öðrum sem þurftu að taka ábyrgðina um þetta...

Helgi Sigurðsson, hæstaréttarlögmaður, sem starfaði fyrir Nýja Kaupþing þegar hlutafjárhækkunin í Exista var tilkynnt, bar fyrir dómi um að hann og fleiri lögfræðingar bankans hefðu, eftir að fréttir bárust af viðskiptunum milli BBR og Exista, verið í sambandi við Kauphöllina, Fjármálaeftirlitið og Fyrirtækjaskrá í því skyni að ræða og gera athugasemdir við hlutafjárhækkunina hjá Exista. Öllum þessum stofnunum hafi verið ljóst hvernig staðið var að hækkuninni og ráðstöfun hækkunarhlutanna. Engin viðbrögð hafi orðið og sér hafi sýnst sem þessum aðilum hafi ekki fundist neitt aðfinnsluvert við þá aðferð sem beitt var (bls. 81-85).

Loks er rétt að vísa til efnis tölvupósts sem ákærði Lýður sendi forstjórum Exista og yfirlögfræðingi félagsins þann 3. desember 2008 en þar segir (bls. 569):

Mikilvægt að senda eitthvað á eftir þessu sem fyrst þannig að menn haldi ekki að það séu að koma 50 milljarðar inn í félagið!!!!

Samkvæmt framansögðu var í engu reynt að dylja hvernig hlutafjárhækkuninni var háttað og augljóst má vera að ákærði Lýður hafði fulla ástæðu til þess að líta svo á að athafnir hans væru í samræmi við lög. A.m.k. má fullyrða að engin sönnun getur talist vera fyrir því að hann hafi „vísvitandi“ brotið gegn ákvæðum hlutafélagalaga.

Í forsendum héraðsdómsins er fjallað um fyrningu með þessum orðum (bls. 18):

Ákærði framdi brotið 8. desember 2008. Hann var, sem sakborningur, yfirheyrður um málið af lögreglu 27. janúar 2010 og aftur 19. júní 2012. Sök hans er því ófyrnd, sbr. 81. og 82. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði er þessu ósammála. Í mætingaskýrslu lögreglu 27. janúar 2010 var sakarefni málsins kynnt ákærða með eftirfarandi hætti (bls. 868):

Lýði er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sbr. 1. mgr. 28. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 (eftirleiðis sml.), þ.e að hann sé grunaður um að hafa, ásamt öðrum, gerst brotlegur við ákvæði laga nr. 2/1995 um hlutafélög, einkum 153. og 154. gr., auk rangfærslu skjala sbr. 158. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og brota á ákvæðum XXVI. kafla sömu laga, er fjallar um auðgunarbrot, einkum fjársvik, sbr. 248. gr., með því að hafa þann 8. desember 2008 hlutast til um að tilkynnt var um hlutafjáraukningu í Exista hf að verðmæti fimmtíu milljarða króna (50.000.000.000.), án þess að hlutafé hafi verið að fullu greitt. [áhersla undirritaðs]

Grunur um brot gegn 16. gr. hlutafélagalaga var fyrst kynntur við upphaf síðari skýrslutökunnar 19. júní 2012 og þá með þessum hætti (bls. 892):

Honum er kynnt tilefni yfirheyrslunnar, sbr. 1. mgr. 28. gr. sml., sem er rannsókn sérstaks saksóknara á hækkun hlutafjár í félaginu Exista hf. í desember 2008. Beinist athuginin að því hvort brotið hafi verið gegn 16. gr., sbr. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 með hækkuninni, en það ákvæði mælir fyrir um að greiðsla hlutar megi ekki nema minna en nafnverði hans.

Af bókuninni sést að grunur um brot gegn 16. gr. hlutafélagalaganna beinist að starfsemi Exista en ekki hugsanlegu broti þriðja manns vegna stöðu hans hjá einkahlutafélagi í viðskiptum við Exista. Endurritin frá 27. janúar 2010 og 19. júní 2012 sýna ótvírætt að ákærða Lýði var aldrei kynntur grunur um að hann hefði brotið gegn 16. gr. hlutafélagalaganna sem stjórnarmaður í BBR ehf með því að undirrita viðskiptasamninginn við Exista. Samkvæmt 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sbr. og 2. málslíð 5. mgr. sömu lagagreinar, var fyrningarfrestur sakar vegna þessa ætlaða brots ekki rofinn innan tveggja ára frá 8. desember 2008 og sökin því fyrnd.

Að öðru leyti vísar ákærði um varnir í ákærulið I til greinargerðar sinnar í héraði, sbr. bls. 1247 til 1253 í málsgögnum.

Ákæruliður II.

Í þessum lið ákærunnar er ákærða Lýði gefið að sök að það hafi verið að hans „undirlagi“ að meðákærði Bjarnfreður hafi skýrt hlutafélagaskrá vísitandi rangt og villandi frá hlutafjárhækkun Exista. Héraðsdómari sýknaði ákærða Lýð af þessum ákærulið með svofelldum rökstuðningi (bls. 11-12):

Ákærðu neita sök. Ákærði Lýður bar að hann hefði fyrst vitað af tilkynningunni er hann var yfirheyrður af sérstökum saksóknara í júní 2012. Ákærði Bjarnfreður kvað tilkynninguna ekki hafa verið senda að undirlagi meðákærða og hefðu þeir ekki verið í samskiptum vegna hennar. Engin vitni hafa borið um aðkomu ákærða Lýðs að því að semja eða senda nefnda tilkynningu og engin önnur gögn styðja við fullyrðingu ákæruvaldsins um að tilkynningin hafi verið send að undirlagi ákærða. Samkvæmt þessu er ósannað að ákærði Lýður hafi átt þátt í að semja eða senda tilkynninguna eins og honum er gefið að sök. Þegar af þeirri ástæðu verður hann sýknaður af síðari lið ákærunnar.

Í greinargerð ákæruvaldsins til Hæstaréttar (bls. 3) er í reynd ekki tekist á við niðurstöðu héraðsdómarans um sýknu af þessum ákærulið. Ekki er vísað til neins sönnunargagns í málinu því til stuðnings að sakargiftir á hendur ákærða Lýði séu réttar. Einungis er vísað til framburðar Lýðs hjá lögreglu og af honum dregin sú augljóslega ranga ályktun að þar hafi „...Lýður gefið fyrirmæli um hvernig þetta skyldi framkvæmt“, hvað sem þau orð merkja. Vísað er til þess að Lýður hafi verið skráður stjórnarmaður í tilgreindum félögum og hafi undirritað skjöl. Ekki er auðvelt að átta sig á því hvernig slíkt tengist sakargiftum í ákærulið II. Slíkt er a.m.k. ekki útskýrt í greinargerðinni. Að lokum er sagt

að gögn málsins beri með sér að ákærði Lýður hafi skipulagt alla þessa „fléttu“ og ráðið því hvernig hún hafi verið útfærð. Engin tilraun er samt gerð til þess að tengja þessa stóru ályktun við verknaðarlýsinguna í ákærinni.

Ákærði vísar að öðru leyti um varnir sínar í þessum ákærulið til greinargerðar sinnar í héraði á bls. 1253-54. Þá er vísað til forsendna héraðsdóms.

Þvingunar- og rannsóknaraðgerðir lögreglu.

Ákærði Lýður telur nauðsynlegt að vekja athygli Hæstaréttar á þeirri tilefnislausu hörku sem einkennt hefur allar rannsóknaraðgerðir sérstaks saksóknara. Þannig var að tilefnislausu gerð húsleit á heimilum ákærða hér á landi og í Bretlandi sem og í sumarbústað hans. Engin gögn sem haldlögð voru á þessum stöðum hafa verið gerð að gögnum málsins. Þá stóð yfir hlustun á síma ákærða frá 22. janúar til 12. febrúar 2010. Í beiðni sérstaks saksóknara til héraðsdóms þar sem krafist var heimildar til hlustunar var því haldið fram að hlustun gæti „*skilað mikilvægum upplýsingum sem áhrif geta haft á framhald rannsókna*“ (Nýtt skjal G. Var lagt fram í héraði sem bls. 619). Engin símagögn voru hins vegar gerð að gögnum málsins (bls. 1230).

Þrátt fyrir lagaskyldu um að upplýsa skuli um hleranir „*svo fljótt sem verða má*“ sbr. 2. mgr. 85. gr. laga nr. 88/2008, var ákærði fyrst upplýstur um hleranirnar tveimur árum eftir að þeim lauk. Þá var gögnum sem aflað var á grundvelli hlerananna eytt (Nýtt skjal H. Var lagt fram í héraði sem bls. 631-2.), þrátt fyrir beiðni ákærða þess efnis að slíkt yrði ekki gert án hans samþykkis (Nýtt skjal I. Var lagt fram í héraði sem bls. 630). Með eyðingu símagagnanna var ákærði sviptur rétti sínum til að staðreyna hvort upplýsingar sem lögregla aflaði með hlerunum kynnu að staðfesta sakleysi hans í málinu.

Svo langt gekk sérstakur saksóknari í þessu efni að hann rannsakaði án heimildar tímaskýrslur undirritaðs verjanda sem sendar höfðu verið embættinu 26. október 2012 í því skyni að vera grundvöllur þóknunar til verjanda skv. 38. gr. laga um meðferð sakamála. Í þinghaldi í málinu 9. janúar 2013 lagði sérstakur saksóknari tímaskýrslurnar fram sem dómskjal með eftirfarandi skýringu:

40. Tímaskýrslur Gests Jónssonar sem sýna m.a. mikil samskipti Gests við erlenda lögmenn. (sjá nýtt skjal J).

Með framlagningu tímaskýrslunnar taldi sérstakur saksóknari sig vera að leggja fram sönnunargagn sem gæti gagnast honum í að sakbera ákærða. Þessi misnotkun á trúnaðarupplýsingum sem verjanda ber að senda embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lagaskyldu, af öðrum ástæðum en varða rannsókn sakarefnisins, heggur að sjálfum rótum verjandastarfsins. Bókun verjanda af þessu tilefni ásamt tveimur fylgiskjölum er í málsgögnum á bls. 1371-1373. Nauðsynlegt er, réttaröryggis vegna, að dómstólar beiti tiltækum úrræðum í því skyni að tryggja að sérstakur saksóknari láti af svona brotastarfsemi við rannsókn mála.


Tími til málflutnings.

Áætlað er að málflutningur verjanda Lýðs geti tekið allt að 120 mínútum.

Ný skjöl.

- Nýtt skjal F. Kvittun Sýslumannsins í Reykjavík, dagsett 8. desember 2008, til Exista hf, vegna greiðslu stimpilgjalds að fjárhæð 5.000.000 krónur vegna stimplunar nýrra hluta í félaginu.
- Nýtt skjal G Krafa frá sérstökum saksóknara um hlustun og hljóðritun á síma ákærða Lýðs Guðmundssonar, dags. 21. janúar 2010 (hluti skjals á bls. 617-619 í héraði).
- Nýtt skjal H Bréf sérstaks saksóknara til verjenda dags. 28. febrúar 2012.
- Nýtt skjal I. Bréf verjenda til sérstaks saksóknara dags. 8. febrúar 2012.
- Nýtt skjal J Yfirlitsblað frá sérstökum saksóknara um framlögð gögn í þinghaldi 9. janúar 2013.

Virðingarfyllst,



Gestur Jónsson hrl

Til Hæstaréttar.